

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 — 1979

27. desember 1979.

1005

Nr. 517.

UMBURÐARBRÉF

til tollstjóra.

Ráðuneytið tilkynnir tollstjórum hér með, að það hefur ákveðið samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, að lækka toll í 2% á járnplötum, báruðum, sem flokkast undir tnr. 73.13.51 og 76.03.01 í 1. gr. tollskrárlaga, enda verði vörur þessar taldar upprunavörur í skilningi auglýsingar nr. 64/1973 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Friverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE).

Ákvörðun þessi gildir frá og með dagsetningu bréfs þessa.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1979.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.